

Umboð

til að óska eftir fjárhagslegum upplýsingum

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160 og/eða Ergo fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka, kt. 490503-3230 fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir stöðu allra innlána og útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við/félagið nú stend/stöndum/stendur í við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, Íbúðalánasjóð eða aðrar fjármálastofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum mínum/okkar, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila.

Umboðið nær einnig til þess að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar/félagsins til Creditinfo Lánstrausts hf. sem og að kalla eftir yfirliti frá fjármálastofnunum vegna framangreindra fjárskuldbindinga í gegnum Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf (hér eftir nefnt yfirlitið) Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats. Ég undirritaður/við undirrituð heimila/heimilum Íslandsbanka og/eða Ergo fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka sjálfvirka vöktun á lánshæfismati mínu og því hvort orðið hafi breytingar á skráningu minni/okkar á vanskilaskrá Creditinfo. Vöktunina má viðhafa í gegnum Viðskiptamannavakt Creditinfo.

Nánari upplýsingar um lánshæfismat, Skuldastöðukerfi og Viðskiptamannavakt Creditinfo Lánstrausts hf. má finna á www.creditinfo.is.

Ég undirritaður/við undirrituð samþykki/samþykkjum að yfirlitið, vöktunin og/eða lánshæfismatið verði notað, þ.m.t. vistað, við ákvörðunartöku í tengslum við lánsviðskipti, eftirlit í tengslum við slík viðskipti, boð um tiltekin kjör og í öðrum þeim tilvikum þegar Íslandsbanki hf. og/eða Ergo hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga.

Einnig veitir umboðið Íslandsbanka og/eða Ergo heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína/félagsins, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, sem miðlað er af Creditinfo Lánstraust hf. og sóttar í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofu) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. 4. tl. 1.mgr. 2. gr. nr. 77/2000.

Umboð þetta er í gildi á meðan Íslandsbanki hf. og Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka hafa lögvarða hagsmuni af notkun þeirra upplýsinga sem fram koma í yfirlitinu og/eða lánshæfismatinu. Íslandsbanka hf. og Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka er heimilt á hverjum tíma að sækja upplýsingar um uppfært lánshæfismat, sem og uppfærslu annarra upplýsinga sem umboðið nær til, á meðan umboð þetta er í gildi. Viðskiptavinur getur afturkallað umboðið hvenær sem hann óskar og tekur afturköllunin gildi næsta virka bankadag eftir að hann tilkynnir bankanum og/eða Ergo um afturköllun með skriflegum og sannanlegum hætti. Þrátt fyrir afturköllun umboðsins er Íslandsbanka hf. og Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka þó áfram heimilt að afla allra framangreindra gagna að því leyti sem nauðsynlegt er vegna þeirra skuldbindinga sem stofnað hefur verið til við Íslandsbanka hf. og eru í gildi þegar afturköllun er tilkynnt.

Staður

Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Vottar að undirritun:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Móttekið f.h. Íslandsbanka hf. / Ergo:

Undirskrift



EY-5344 - 04072017